

**MENNTA- OG
MENNINGARMÁLA-
RÁÐUNEYTI
ÁRSRIT 2014**





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2015

Ábyrgðarmaður: Ásta Magnúsdóttir

Umsjón: Þorgeir Ólafsson

Hönnun og umbrot: Sævar Guðbjörnsson

ISBN: 978-9935-436-51-1

Prentun: Háskólaprent

Myndir:

Forsíðumynd: Sibba Jóa (cc-by 4.0)

Mynd bls. 13 Biophilia

Mynd bls. 14 Þjóðskjalasafn Íslands

Mynd bls. 18 Biophilia

Mynd bls. 27 Listasafn Einars Jónssonar

Mynd bls. 28 Heimili og skóli

Mynd bls. 31 UNESCO

Mynd bls. 32 Sibba Jóa (cc-by 4.0)

Aðrar myndir úr safni mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

EFNI

Inngangur.....	4
Stefnumótun og þróun	5
Lög og reglugerðir.....	15
Formennska í norrænu ráðherranefndinni 2014.....	17
Samskipti við stofnanir, eftirlit og mat	21
Ýmis verkefni.....	26
Starfsemi ráðuneytisins, starfsmannamál og fleira	33

Inngangur

Á árinu 2014 var undirbúningur Hvítbókar um umbætur í menntun stór hluti af starfi ráðuneytisins. Hvítbókin var kynnt um miðjan júní og í kjölfarið hélt ráðherra opna fundi um allt land til að ræða efni hennar. Af öðrum stórum verkefnum á sviði stefnumótunar má nefna stefnu og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs, en umsjón með starfi þess fer fram hér í ráðuneytinu. Á sviði löggjafar ber hæst ný lög um opinber skjalasöfn, sem ætlað er að tryggja vörslu og örugga meðferð opinberra skjala.

Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014 og setti það mjög svip sinn á starfið í ráðuneytinu. Haldnir voru margir norrænir fundir og ráðstefnur á vegum ráðuneytisins eða í samstarfi þess og ýmissa aðila auk þess sem ráðuneytið bar ábyrgð á undirbúningi funda norrænu mennta- og menningarmálaráðherranna ásamt skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Stærsta einstaka verkefnið á formennskuárinu var Biophiliu-kennsluverkefnið, sem fór vel af stað og miklar væntingar eru bundnar við. Ráðuneytið mun stýra verkefninu næstu tvö árin.

Mat og eftirlit með starfi stofnana sem heyra undir ráðuneytið, ásamt mati á framkvæmd ýmissa málaflokka, verða sífellt umfangsmeiri í starfi ráðuneytisins. Á árinu voru gerðar margar úttektir, t.d. um framhaldsfræðsluverkefnið, stærðfræðikennslu í framhaldsskólum og um vísinda- og nýsköpunarkerfið í samvinnu við Evrópusambandið og fleiri aðila. Þá voru margar reglulegar ytri úttektir og kannanir gerðar á leik-, grunn- og framhaldsskólum á vegum ráðuneytisins og Námsmatsstofnunar. Allt er þetta liður í að fylgjast með því að starfsemi ríkisins og stofnana þess sé skilvirk og áreiðanleg.

Í ráðuneytinu hefur verið unnið að því á undanförunum árum að færa ýmis umsýsluverkefni frá því og til stofnana þess. Á árinu var t.d. unnið að sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar í nýja menntastofnun og að nokkur verkefni, sem sinnt er í ráðuneytinu, færast til hennar. Þessi breyting kallaði einnig á breytingar í starfsmannahaldi ráðuneytisins, sem komu til viðbótar breytingum vegna niðurskurðar á rekstrarfé þess í ársbyrjun, auk þess sem skrifstofur menntamála og vísinda og háskóla voru sameinaðar í eina.

Í ársritinu er sem fyrr einkum greint frá verkefnum sem falla utan reglubundinna verkefna þess. Þau verkefni eru þó ærin og gefur mikill fjöldi verkefna, erinda og mála vísbendingu um það. Málum hefur þó fækkað ár frá ári, meðal annars vegna þeirra áherslubreytinga í starfsemi ráðuneytisins sem fyrr greinir, þ.e. að færa umsýsluverkefni til stofnana svo að ráðuneytið geti frekar einbeitt sér að stefnumótun, vinnu við lagafrumvörp, eftirlit og mat. Vonast er til að ársritið gefi nokkra mynd af því góða starfi sem samstilltur og góður hópur starfsmanna ráðuneytisins innti af hendi á árinu.

Ásta Magnúsdóttir
ráðuneytisstjóri

STEFNUMÓTUN OG ÞRÓUN



Hvítbók um umbætur í menntun

Mennta- og menningarmálaráðherra kynnti „[Hvítbók um umbætur í menntun](#)“ þar sem tilgreind eru tvö meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018:

- 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma.

Fyrri markmiðið er að 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri, en hlutfallið er nú 79%. Til að ná þessu markmiði er meðal annars lagt til að hlutur móðurmálskennslu verði aukinn í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla. Einnig verði mótuð viðmið um þá lestrararkunnáttu sem nemendur eiga að búa yfir á hverju stigi grunnskólans, og að lesskilningur verði mældur reglulega allt frá leikskólastigi til loka grunnskóla.

Seinna markmiðið er að hlutfall nemenda, sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma, hækki úr 44% og upp í 60%. Þessu markmiði verði náð með því að endurskipuleggja námstíma og stytta nám til lokaprófa, draga úr brotthvarfi og breyta skipulagi starfsmenntunar. Lagt er til að nám til stúdentsprófs miðist við þriggja ára námstíma og jafnframt verði unnið að styttingu starfsnáms.

UMBÆTUR Í MENNTUN

Mögulegar aðgerðir:

Endurskipulagning á námstíma í framhaldsskólum:

1. Skipulag stúdentsnámsbrauta miðist við þriggja ára námstíma að jafnaði. Um leið verði unnið að styttingu starfsnáms.
2. Skoðuð verði viðmið um hámark námstíma í framhaldsskólum með hliðsjón af skipulagi fullorðinsfræðslu.
3. Uppbygging starfsnáms verði endurskoðuð.
4. Útgönguleiðum úr framhaldsskóla verði fjölgað í samræmi við markmið aðalnámskrár.

Gert er ráð fyrir að skimað verði fyrir áhættuþáttum brotthvarfs meðal nemenda allra framhaldsskóla. Starfsnám verður endurskoðað með einföldun grunnnáms og uppbyggingu fagháskólastigs í huga. Verkefnastjórar hafa verið ráðnir og samráðshópur var skipaður með fulltrúum frá Samtökum atvinnulífsins, Kennarasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands, Heimili og skóla ásamt fleiri aðilum.

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra kynnti efni Hvítbókarinnar um allt land, meðal annars í þeim tilgangi að ná góðri samstöðu um þau markmið sem sett eru fram.

UMBÆTUR Í MENNTUN

Minna brotthvarf úr framhaldsskólum:

1. Skráning á ástæðum brotthvarfs verði þróuð frekar og reglubundið í öllum framhaldsskólum.
2. Skimun fyrir áhættuþáttum brotthvarfs fari fram í öllum framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla.
3. Samstarfi verði komið á milli skóla og heilbrigðis- og félagsþjónustu um íhlutun vegna nemenda í brotthvarfshættu.
4. Skólar sem sinna nemendum í brotthvarfshættu fái sérstakan stuðning og fjárveitingar.
5. Unnið verði með aðilum sem bjóða upp á framhaldsfræðslu til að veita þeim sem hafa horfið frá námi ráðgjöf og úrræði.

Mögulegar aðgerðir: Aukin lestrarkunnátta:

1. Hlutur móðurmálskennslu í viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla verði aukinn.
2. Sett verði viðmið um lágmarkshæfni í lestri á tilteknum stigum grunnskólans, þ.m.t. lestrarhraða, lesskilning, orðaforða og ritfærni í samræmi við aðalnámskrá.
3. Reglubundnar mælingar á lesskilningi verði samhæfðar með greinandi prófum, allt frá leikskólastigi til loka grunnskóla, og niðurstöðurnar nýttar á markvissan hátt. Lögbundin samræmd könnunarpróf verði nýtt í sama skyni, svo og læsispróf í framhaldsskólum.
4. Nemendur af erlendum uppruna njóti sérstaks stuðnings með það fyrir augum að þeir nái sömu færni í lesskilningi og aðrir nemendur.
5. Hver leikskóli og grunnskóli geti brugðist jafnóðum við vísbindingum um lestrarvanda einstakra nemenda. Kennarar fái þjálfun og stuðning til þess að bregðast við.
6. Allir leik- og grunnskólar setji sér læsisstefnu í samræmi við aðalnámskrár og skólustefnu sveitarfélaga.
7. Ýtt verði undir jákvæð viðhorf til lesturs í þjóðfélaginu og nemendur hvattir til að lesa sér til ánægju utan skóla.
8. Foreldrar verði virkjaðir til að vekja áhuga á lestri og styðja við lestrarnám barna sinna.




Breytingar á starfsmenntun

Ákveðið hefur verið að efna til formlegs samráðs milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og aðila vinnumarkaðarins um frekari stefnumótun um starfsnám og hvernig staðið verður að innleiðingu breytinga. Í því starfi verður sérstaklega horft til eftirfarandi atriða:

1. Endurskipulagningar náms á starfsmenntabrautum með einfaldara grunnám að leiðarljósi, þrepaskiptingu, hæfnikröfum og styttingu námstíma.
2. Að allt starfsnám feli í sér vinnustaðanám, en gæðamat, ábyrgð og fjármögnun vinnustaðanáms verði endurskoðuð.
3. Að laga- og stofnanaumgjörð starfsnáms eftir framhaldsskóla verði endurskoðuð og afstaða tekin til þess hvort stofna skuli sérstakt fagháskólastig.
4. Bættar stýringar og stjórnáslu starfsmenntamála með því að endurmeta hlutverk nefnda og ráða og skilgreina hlutverk aðila á því sviði.
5. Að náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðsla verði eflað, bæði í efstu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári framhaldsskóla, og ýtt verði undir að fleiri nemendur velji sér starfsnám.

Fjöldi nýnema í framhaldsskólum sem skrá sig nám á haustönn 2010 til 2014



Brotthvarf úr framhaldsskólum á vorönn 2014

Í skýrslu um [Brotthvarf úr framhaldsskólum – vor 2014](#) er byggt á niðurstöðum skráninga á uppgefnum ástæðum brotthvarfs frá þeim nemendum sem hættu námi áður en að lokaprófum kom á vorönn 2014. Þetta var í þriðja sinn sem könnun af þessu tagi var gerð en enn er of snemmt að draga sérstakar ályktanir af þeim, meðal annars vegna þeirra áhrifa sem verkfall kennara í framhaldsskólum hafði vorið 2014. Þó koma fram þær breytingar á milli anna að á haustönn 2013 skiptu 170 nemendur um skóla á móti 78 á vorönn 2014. Heildarfjöldi þeirra sem skiptu um skóla dróst því saman um 7%.

Helstu niðurstöður

Könnunin var gerð í 30 framhaldsskólum og leiddi í ljós að 869 nemendur, 497 karlar og 372 konur, hættu námi án þess að ljúka prófum í lok vorannar 2014. Í töflunni hér að neðan koma fram heildartölur og ástæður brotthvarfs flokkaðar eftir kyni.

Ástæður brotthvarfs:	Karl	Kona	Alls	Hlutfall
Fór að vinna	68	27	95	11%
Hætti vegna verkfalls í framhaldsskólum	18	9	27	3%
Flutningar	8	12	20	2%
Fjárhagsaðstæður	12	4	16	2%
Námsörðugleikar	10	4	14	2%
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi	34	24	58	7%
Nám of erfitt	12	7	19	2%
Samskiptaörðugleikar við starfsfólk skóla	1	1	2	0%
Einelti	0	0	0	0%
Vísað úr skóla/brot á skólareglum	157	90	247	28%
Veikindi barna	1	0	1	0%
Fór í annan skóla	38	40	78	9%
Líkamleg veikindi	15	26	41	5%
Persónulegar ástæður	24	27	51	6%
Neysla/meðferð	9	10	19	2%
Andleg veikindi	28	49	77	9%
Annað	62	42	104	12%
Samtals	497	372	869	100%

Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi


Undanfarin ár hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samstarfi við framhaldsskólana, beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr brotthvarfi. Aðgerðirnar snúa meðal annars að því að kalla eftir upplýsingum frá öllum framhaldsskólunum um ástæður nemenda fyrir brotthvarfi, svo og að skima fyrir brotthvarfi í þeim skólum þar sem það hefur verið hvað mest. Byrjað var að skima fyrir brotthvarfi í þremur skólum í tilrauna-

skyni í byrjun árs 2013. Á haustönn 2013 var 14 skólum bætt við í verkefnið og í október 2014 var skimað fyrir brotthvarfi í 18 framhaldsskólum.

Enn er of snemmt að segja til um áhrif skimunarinnar en þó telja náms- og starfsráðgjafar að hún hafi hjálpað þeim að finna þá nemendur sem eru í brotthvarfshættu og í framhaldinu vinna með þeim. [Sjá nánar](#)


Þróun menntamála og samanburður við önnur ríki

Hlutfallsleg skipting mannfjölda eftir menntunarstigi á aldrinum 25-64 ára




Heimild: Vinnu- og atvinnuleysisráðgjafi Hagstofu Íslands


Fjöldi nemenda á háskólastigi 2007-2013



Hlutfall háskólamenntaðra árin 2000 og 2012 af mannfjölda eftir aldurshópi



Þróun menntunarstigs háskólamenntaðra 25-64 til ársins 2025



OECD birtir árlega skýrslu um menntamál, Education at a Glance, með tölulegum upplýsingum um þróun menntamála í aðildarríkjunum. Helstu efnisþættir eru menntunarstig og þróun þess, og útgjöld til menntamála. Að auki er fjallað um aðsókn að námi, skipulag skólstarfs, kennslutíma eftir námsgreinum, vinnutíma og laun kennara og fleira.

[Samantekt OECD um helstu niðurstöður um Ísland \(á íslensku\)](#)

[CountryNoteIceland](#) (enska)

[Samantekt mennta- og menningarmálaráðuneytis um efni skýrslunnar ásamt töflum með helstu lykiltölum.](#)



Hlutfall háskólamenntaðra fer stöðugt hækkandi og er núna um 36% fólks á aldrinum 24-64 ára. Að sama skapi fækkar þeim sem aðeins hafa lokið grunnskólanámi. Talsvert fleiri konur en karlar ljúka háskólanámi og í aldursflokknum 25-34 ára höfðu 44% kvenna en 28% karla lokið háskólagráðu árið 2012.

Fjöldi nemenda á háskólastigi 2007-2013

2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
16.658	16.944	18.051	18.845	19.099	19.089	19.779

Um 60% ungs fólks mega eiga von á því að ljúka háskólagráðu á lífsleiðinni ef miðað er við núverandi fjölda brautskráninga. Þetta er hæsta hlutfall innan OECD og skýrist að hluta til af fjölda þeirra sem stunda háskólanám seinna á lífsleiðinni.

Hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaþrófi hefur hækkað jafnt og þétt frá aldamótum og var 71% af aldurshópnum 25-64 ára. Mikið munar þar um að konum, sem ljúka framhaldsskólaþrófi, hefur fjölgað umtalsvert. Um 80% kvenna höfðu lokið framhaldsskóla í aldurshópnum 25-34 ára. Um síðustu aldamót var hlutfallið 65% í sama aldurshópi meðal kvenna.



Hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskóla á skilgreindum námstíma er lægst hér á landi og óviðá er meðalaldur þeirra sem ljúka námi jafn hár og hér. Sex árum frá innritun hafa aðeins 58% lokið framhaldsskóla, 64% kvenna og 52% karla. Hlutfallið er enn lægra hjá innflytjendum því eftir sex ár hefur aðeins 31% þeirra lokið námi.

Hlutfall þeirra sem útskrifast eftir skilgreindan tíma af þeim sem innritast sem nýnemar eftir kyni 2012

	Samtals	Karlar	Konur
Útskrifast eftir 4 ár	45	38	52
Útskrifast eftir 6 ár	58	52	64

Heimild: Hagstofa Íslands

Aðgangsviðmið háskóla

Aðgangsviðmið háskóla eru leiðarljós við skipulagningu náms og nýtast t.d. nemendum við undirbúning fyrir háskólanám í einstökum háskóladeildum. Þau eru einnig leiðarljós um hæfni nemenda sem hefja nám á grunnstigi (fyrsta háskólaprepi) í einstökum háskóladeildum. Í samningum ráðuneytisins við íslenska háskóla er kveðið á um að þeir muni í síðasta lagi skólaárið 2014/2015 birta aðgangsviðmið allra námsleiða sinna.

Aðgangsviðmiðin skulu:

- vísa í þrepaskipt hæfniviðmið skv. aðalnámskrá framhaldsskóla,
- tiltaka þá hæfni sem gagnleg er fyrir nemanda þegar hann hefur nám á háskólastigi,
- styðja við kröfur sem gerðar eru á inntökuprófum þar sem þau eru notuð,
- vera skýr og auðskiljanleg fyrir framhaldsskólanemendur,
- vera aðgengileg á heimasíðum háskóla.

Aðgangsviðmiðum er ætlað að vera leiðarljós við skipulagningu náms og eiga að:

- nýtast sem skýr skilaboð til nemenda um hvernig þeir undirbúi sig best fyrir háskólanám,
- nýtast framhaldsskólum við skipulag stúdentsprófs,
- vera leiðbeinandi við styttingu náms til stúdentsprófs,
- draga úr skilum milli skólastiga.

Með þessu móti stuðla aðgangsviðmið að markvissu námsvali til undirbúnings fyrir tiltekið háskólanám. Háskólarnir gera skýran greinarmun á aðgangskröfum/inntöku-skilyrðum í einstakar námsbrautir og aðgangsviðmiðunum, sem eru einkum leiðbeinandi viðmið. Einnig er áhersla lögð á að aðgangsviðmið séu í takt við kröfur sem fram koma í inntökuprófum eða vinnuöppum, þar sem það á við. Viðmiðin eru undirrituð af fulltrúum deilda og rektor viðkomandi skóla. [Aðgangsviðmið háskóla](#)



Lagarammi um starfsemi frístundaheimila

Starfshópur um málefni frístundaheimila gerði tillögur að breytingu á 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem markmiðið er að styrkja lagaramma fyrir samþættingu skólastarfs og frístundastarfs, ekki síst um starfrækslu frístundaheimila (lengda viðveru) fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla. [Tillögurnar](#) voru kynntar í opnu samráði á vef ráðuneytisins.

Stýrihópurinn sendi einnig frá sér greinargerð með [niðurstöðum könnunar](#) á starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur á grunnskólastigi. Þær sýna að starfsemi frístundaheimila fer vaxandi innan sveitarfélaga landsins. Um 92% svarenda sögðu að boðið væri upp á slíka þjónustu, miðað við 75% árið 2009, og að þátttaka barna hefði aukist verulega. Umfang og skipulag þjónustunnar tekur mið af stærð og gerð hvers sveitarfélags. Þörf fyrir frístundaheimili tekur meðal annars mið af samfélagsgerð og fjölda íbúa á hverju svæði.

Tillögur um stefnu og verkefni fyrir börn og ungt fólk

[Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna](#) 2014-2017 er tillaga starfshóps um menningu barna og ungmenna á grundvelli menningarstefunnar, sem samþykkt var árið 2013. Aðgerðaáætlunin byggist einkum á þremur grunntillögum:

1. Menningarpokinn, sem á að halda utan um listviðburði sem skólum landsins býðst að kaupa inn á viðráðanlegu verði. Megintilgangur verkefnisins er að jafna aðgengi barna og ungmenna að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum.
2. Samráðsvettvangur menningarstofnana um menningu barna og ungmenna sem myndi hittast tvisvar á ári.
3. Aðrar aðgerðir sem styðja við barnamenningu.

[Stefnumótun í æskulýðsmálum](#) er afrakstur af vinnu Æskulýðsráðs, sem samkvæmt lögum er m.a. ætlað að gera tillögur um „áherslur og stefnumótun í málaflokknum“.

Markmiðið með stefnumótuninni er að skilgreina mikilvæg verkefni sem aðilar á vettvangi æskulýðsmála þurfa að vinna að á komandi árum og lögð er áhersla á atriði sem stuðla að nauðsynlegri þróun og uppbyggingu í æskulýðsmálum á Íslandi. Í stefnunni eru skilgreind sjö meginmarkmið sem stefna ber að í æskulýðsmálum á næstu árum.



Staðfestar námsbrautarlýsingar framhaldsskóla

Í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla staðfesti mennta- og menningarmálaráðherra nýjar [námsbrautarlýsingar](#). Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniprep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrána og teljist þar með hluti af henni. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016



Vísinda- og tækniráð samþykkti aðgerðaáætlun sem ætlað er að styðja við og efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og gagnsæja nýtingu opinbers fjár. Það er nýmæli í starfi Vísinda- og tækniráðs að unnin sé sérstök aðgerðaáætlun með tilgreindum ábyrgðaraðilum, hún kostnaðargreind og tímasett. Ráðgert er að auka fjárveitingar til vísinda og nýsköpunar og markmiðið er að þær nái 3,0% af vergri landsframleiðslu (VLF). Aðgerðunum er sömuleiðis ætlað að laða fram aukna fjárfestingu fyrirtækja í vísindum og nýsköpun.

Aðgerðaáætlunin sem nú hefur verið samþykkt felur í sér 21 aðgerð. Ábyrgð á aðgerðunum er sett í hendur ráðuneyta eða stofnana og kostnaður við hverja aðgerð er metinn.

Áætlunin felur m.a. í sér stóraukið framlag í samkeppnissjóði og ráðstafanir til að auðvelda atvinnulífinu að fjárfesta í rannsóknum og nýsköpun. Þá er einnig stefnt að því að gera afrakstur fjárfestinga á þessu sviði betur ljósan með sérstöku upplýsingakerfi, efla nýliðun og gera gangverk opinbera kerfisins liprara og skilvirkara. [Stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016](#)



Styrkir vegna námsupplýsingakerfis

Ákveðið var að ráðstafa um 30 millj. kr. til að styrkja sveitarfélög og aðra rekstraraðila grunnskóla í landinu til að taka upp námsupplýsingakerfi, sem styður við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í grunnskólum landsins og áherslur sem fram koma í Hvítbók um umbætur í menntun.

Námsupplýsingakerfið er ætlað kennurum og skólastjórnendum og á það að nýtast í daglegu starfi þeirra, m.a. við áætlanagerð, skólanámskrárgerð og nýtt námsmat. Ráðuneytið hefur gert [kröfulýsingu](#) fyrir slíkt kerfi og þar eru þeir lykilþættir sem taldir eru nauðsynlegir.

Fjármálafræðsla í grunn- og framhaldsskólum

Stýrihópur tilraunaverkefnis til að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum lauk störfum á árinu og lét ráðuneytinu í té [skýrslu](#) um verkefnið ásamt tillögum. Þær eru helstar að fjármálafræðslu verði fundinn staður í nýrri námskrá fyrir grunnskóla og að tekinn verði upp sérstakur áfangi um fjármál í framhaldsskólum. Stýrihópurinn telur brýnt að nemendur á framhaldsskólastigi hafi grundvallarþekkingu um fjármál einstaklinga og færni. Þeir eigi að geta annast og axlað ábyrgð á eigin fjármálum og framtíðarfjölskyldu sinnar og að skilja samhengið milli einkaneyslu og efnahags samfélagsins.

LÖG OG REGLUGERÐIR



Ný lög 2014

1 **Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.**

Markmið laganna er að tryggja vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Með nýju lögunum er stjórnsýsla á málefna sviði Þjóðskjalasafnsins einfölduð og hún skýrð frekar en áður með hliðsjón af fjölpættu hlutverki safnsins. Þá gefa nýju lögini færi á að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri Þjóðskjalasafns.

2. **Lög nr. 56/2014 um breytingar á ýmsum lögum vegna framlengingar á gildistíma samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms.**

Lögini fela í sér framlengingu á tímabundinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þátttöku ríkisins í kennslukostnaði í mið- og framhaldsnámi í söng, og framhaldsnámi í hljóðfæraleik í samræmi við framlengt samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

3. **Lög nr. 72/2014 um breytingar á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla.**

Um er að ræða framlengingu á bráðabirgðaákvæðum um gjaldtökuheimildir framhaldsskóla.


4. **Lög nr. 71/2014 um breytingu á lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**

Eftir breytinguna verður unnt að veita þeim kennsluréttindi sem lokið hafa námi til fullra réttinda í skipstjórn og vélstjórn auk 60 eininga náms í uppeldis- og kennslufræði fyrir framhaldsskóla.

Sjö nýjar reglugerðir tóku gildi árið 2014:


Nr. 931/2014	um breytingu á reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011.
Nr. 908/2014	um breyting á reglugerð um Lánasjóð Íslenskra námsmanna nr. 478/2011, með áorðnum breytingum.
Nr. 599/2014	um breytingu á reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.
Nr. 552/2014	um myndlistarráð og myndlistarsjóð.
Nr. 171/2014	um Listasafn Íslands.
Nr. 170/2014	um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.
Nr. 1299/2013	um styrki til annarrar leiklistarstarfsemi en Þjóðleikhússins.

Þingmál mennta- og menningarmálaráðherra



Á þingmálaskrá 143. löggjafarþings voru 9 frumvörp; 4 urðu að lögum.

Erindi frá umboðsmanni Alþingis og álitssgerðir





Fyrirspurnir til mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi

Á vorþingi 2014 (143. þingi) svaraði mennta- og menningarmálaráðherra 17 fyrirspurnum á Alþingi; 12 skriflega og 5 munnlega. Á haustþingi 2014 (144. þingi) svaraði ráðherra 23 fyrirspurnum; 14 skriflega og 9 munnlega. Oftast var spurt um málefni sem varða skóla og menntamál, þar næst um rekstur ráðuneytisins, starfsmannamál o.þ.h. Fimm sinnum var spurt um málefni Ríkisútvarpsins og tvisvar um málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Reglur um aðfaranám að háskólanámi

Settar voru í fyrsta sinn [reglur um aðfaranám að háskólanámi](#). Tilgangur þeirra er að bæta lagaumgjörð um námið og skýra inntak og uppbyggingu þess. Þá er þeim ætlað að standa vörð um réttindi nemenda þannig að þeim sé ljóst hvað felst í aðfaranámi og hvaða réttindi slíkt próf veitir.

Aðfaranám skal skipulagt þannig að nemandi í fullu námi skuli að jafnaði ljúka því á tveimur önnum en veitt er undanþága frá því ef nemandi hefur áður lokið prófi í iðngrein. Námið skal skipulagt sem 60 framhaldsskólæiningar til viðbótar fyrra námi. Aðfaranámið, ásamt fyrra námi, skal mynda 200 eininga heild sem lýtur kröfum um kjarnagreinar til stúdentsprófs.

Aðfaranám hefur lengi verið stundað á Íslandi (var áður nefnt frumgreinanám) en Tækniskóli Íslands fór að bjóða upp á slíkt nám árið 1964. Það var að danskri fyrirmynd og var upphaflega hugsað fyrir iðnskólalagengna nemendur sem hugðu á nám við skólann en skorti þekkingu í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, s.s. stærðfræði og eðlisfræði.

- Aðfaranám er ætlað þeim nemendum sem hyggja á háskólanám en fullnægja ekki inntökuskilyrðum um stúdentspróf.
- Það er einnig ætlað þeim nemendum sem lokið hafa námi á framhaldsskólastigi en þurfa að bæta við sig þekkingu áður en til náms á háskólastigi kemur.
- Aðfaranám er ætlað nemendum 25 ára og eldri. Undanþága frá reglu um aldur er einungis veitt ef nemandi hefur áður lokið prófi á framhaldsskólastigi, svo sem iðnnámi eða stúdentsprófi, og þarf að bæta við sig þekkingu áður en hann hefur nám á háskólastigi.
- Til þess að hefja aðfaranám þarf nemandi að hafa lokið að minnsta kosti 140 framhaldsskólæiningum. Hluti þeirra eininga getur verið metinn til raunfærni.



FORMENNSKA Í NORRÆNU RÁÐHERRA- NEFNDINNI 2014

Íslendingar gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014. Mennta- og menningarmálaráðuneyti gaf út sérstaka formennskuáætlun á sviði menningarmála, menntamála, rannsókna, vísinda og æskulýðsmála með helstu áhersluatriðum og viðburðum á formennskuárinu. Áætlunin var einnig gefin út á [dönsku](#) í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina.

Áherslur íslensku formennskunnar byggðust á verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar um grænan hagvöxt og sjálfbæra norræna velferð auk stefnu um samstarf á sviði menningarmála, rannsókna og æskulýðsmála. Í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar er lögð áhersla á samræmingu og samfellu og því tók formennskuáætlun Íslands einnig mið af formennskuáætlun Svía fyrir árið 2013 og niðurstöðum samráðs innan Norrænu ráðherranefndarinnar um áherslur næstu ára.

Formennskuáætlun ráðuneytisins var sérstök að því leyti að hún spannaði mörg mismunandi svið. Í formála Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra sagði m.a. að „styrkur norræna samstarfsins felist m.a. í hæfni þess til að takast á við verkefni þvert á fagsvið og þess vegna leggja Íslendingar fram sameiginlega formennskuáætlun á sviði menningarmála, menntamála, rannsókna, vísinda og æskulýðsmála. Leitast verður við að sameina áherslur á þessum sviðum undir formerkjum sköpunarkrafts, sem leið til nýsköpunar og frumkvæðis auk þess sem áhersla er lögð á þverfaglega verkefnið Biophilia – listsköpun sem kennslu- og rannsóknaraðferð“. [Sjá nánar um formennskuárið.](#)



Biophilia

Biophilia er viðamiklægt kennsluverkefni sem byggist á víðtækri þátttöku fræðimanna, vísindamanna, listamanna, kennara og nemenda á öllum skólastigum. Það byggist á því að nota sköpun sem menntunar- og rannsóknaraðferð þar sem náttúruvísindi, tónlist og tækni eru tengd saman á nýstárlegan hátt.

Markmiði mennta- og menningarmálaráðuneytis með Biophilia-kennsluverkefninu í norræna samstarfinu er að:

- efla nýsköpun í skólastarfi með því að þróa kennsluáðferðir sem sameina þekkingu, sköpun og tækni,
- umbreyta hefðbundnum kennsluháttum með þverfaglegri nálgun, þvert á aldurshópa, kennslugreinar og fagsvið,
- þróa staðbundin samstarfsnet í þátttökulöndunum, sem tengjast á norrænum samstarfsvettvangi og þar sem unnið verður að því að efla norrænt notagildi,

- þróa veflægán starfsvettvang fyrir norrænt samstarf, án landamæra og fyrir mismunandi faghópa, sem verður áfram til eftir að verkefninu lýkur.

Verkefnið á uppruna sinn hér á landi þar sem Björk Guðmundsdóttir tónlistarmaður hefur þróað þessa nýstárlegu aðferð í samstarfi við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Biophilia-kennsluverkefnið byggist m.a. á þeirri grunnhugmynd að best sé að börn hefji listiðkun sína með sköpun þar sem tónlist, vísindi og tækni eru sambætt á nýstárlegan hátt. Með Biophilia-aðferðinni er leitast við að brjóta upp hið hefðbundna kennsluform. Kennarar, fræði- og vísindamenn, listamenn, hugvitsmenn og aðrir þátttakendur vinna þverfaglega, á milli skólastiga, námsgreina, vísinda og lista þar sem sköpun er notuð sem kennsluáðferð og til að örva umhverfisvitund. [Um Biophilia-verkefnið.](#)

Ráðstefnur á formennskuárinu 2014

Ráðuneytið stóð fyrir mörgum norrænum ráðstefnum á formennskuárinu í samvinnu við ýmsa aðila og meðal þeirra voru þessar:

Norræn ráðstefna um nám og starfsþjálfun á vinnustöðum

Haldin var ráðstefna um tækifæri til náms- og starfsþjálfunar í atvinnulífinu fyrir fólk á öllum aldri og hún var liður í þátttöku Íslands í norræna verkefninu [Sjálfbær norræn velferð](#). Umsjón með ráðstefnunni höfðu mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti og Vinnumálastofnun. Um 150 fulltrúar stjórnvalda, atvinnulífs og skóla, framhaldsfræðsluaðila, starfsendurhæfingar, nemenda, kennara og náms- og starfsráðgjafa frá Norðurlöndunum tóku þátt í ráðstefnunni.

Kennarar fram tíðarinnar – fagstétt á krossgötum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og fagráð um starfsþróun kennara stóð fyrir ráðstefnu um starfsþróun kennara frá leikskóla til háskóla og mikilvægi hennar í norrænu og alþjóðlegu samhengi. Auk fyrirlestra og umræðna í málstofum var þátttakendum boðið að heimsækja leikskóla, framhaldsskóla og grunnskóla þar sem kynnt voru nokkur athyglisverð starfsþróunarverkefni kennara, til dæmis Biophilia.



„Norrænar brýr til ævimenntunar“

Mennta- og menningarmálaráðuneyti ásamt Norrænu ráðherranefndinni og Norrænu samstarfsneti um nám fullorðinna ([NVL](#)) stóð fyrir ráðstefnunni „Norrænar brýr til ævimenntunar“. Markmið ráðstefnunnar var m.a. að örva umræður innan ráðherranefndarinnar um sjálfbæra norræna velferð og meðal þeirra sem vinna að fullorðinsfræðslu í norrænu ríkjunum. Þá var leitast við að samþætta reynsluna af Biophilia-kennsluverkefninu þar sem áherslan er lögð á samstarf milli vísinda, menningar og menntunar. Þátttakendur á ráðstefnunni fengu kynningu á nýjustu rannsóknum og að prófa þróunarvinnu sem byggist á rannsóknum og samþættir listir, náttúruvísindi, kennslufræði fullorðinna og upplýsingatækni/fjölmiðlun.



Þjóðfundur unga fólksins

Þjóðfundur unga fólksins var haldinn með þátttöku um 100 ungmenna frá Norðurlöndunum sem ræddu hvernig þau vildu sjá framtíð sína og þróun samfélaganna á Norðurlöndum og um heim allan.

„Með þessum fundi gafst okkur í norrænu samstarfi einstakt tækifæri til að horfa til framtíðar með ungu fólki og gefa því orðið. Fyrstu niðurstöður fundarins eru mjög áhugaverðar og veita dýrmæta innsýn í framtíðarsýn ungs fólks,“ sagði Valgerður Þórunn Bjarnadóttir, formaður Nordbuk. Unnið verður enn frekar úr niðurstöðunum og þær kynntar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og víðar.



„Arts and Audiences“

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Virgni og þátttaka áhorfenda og listræn samvinna“ og sjónum beint sérstaklega að stafrænum miðlunar- og sköpunarleiðum.

„Stafræna byltingin hefur nú þegar haft þau áhrif að áhorfendur eru æ oftar í hlutverki meðhöfunda að listaverkum. Á ráðstefnunni var athyglinni meðal annars beint að því hvernig norrænar lista- og menningarstofnanir hafa tekist á við þessa áskorun. Söfn, leikhús, símfóníuhljómsveitir og hátíðir deildu reynslu sinni með okkur og gáfu okkur hugmyndir um hvernig hægt er mæta þessari þróun, hvaða áskoranir, möguleikar og takmarkanir liggja í hinum stafræna heimi, og hvaða áhrif þetta hefur á dagskrárgerð, miðlun og samskipti okkar við áhorfendur og unnendur lista og menningar. Einnig fengum við að heyra hvernig fjölbætt og fjölbreytt reynsla norrænna kollega í menningar- og listageiranum hefur nýst til að ná til nýrra áhorfendahópa og styrkja tengsl við þá sem fyrir eru,“ sagði Auður Rán Þorgeirsdóttir verkefnisstjóri.



SAMSKIPTI VIÐ STOFNANIR EFTIRLIT OG MAT

Skýrsla um vísinda- og nýsköpunarkerfið hér á landi

Gerð var úttekt á íslenska vísinda- og nýsköpunarkerfinu á vegum ráðgjafanefndar Evrópusambandsins um rannsóknir og nýsköpun (European Research Area and Innovation Committee (ERAC)). Um er að ræða svokallað jafningjamat (peer-review). Við gerð matsins var unnin sérstök sjálfsmatskýrsla og lagði mennta- og menningarmálaráðuneyti ríka áherslu á víðtækt samráð við hagsmunaaðila í öllu ferlinu, meðal annars með því að bjóða til opins umræðufundar um málaflökkinn í byrjun síðasta árs.

Í skýrslunni er bent á að hér á landi þurfi að efla greiningu á sviði vísinda og nýsköpunar. Í aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs 2014-2016 er gert ráð fyrir að ríkið fjárfesti í upplýsingakerfi um rannsóknir og nýsköpun, sem veita mun samræmdar og ítarlegar upplýsingar um árangur rannsókna- og nýsköpunarstarfs. Með upplýsingakerfinu verður unnt að greina betur árangur aðgerða og stefnumótunar og þannig bæta ákvarðanatöku og áætlanagerð á sviðinu.

Ráðgjafarnir heimsóttu Ísland í byrjun apríl og ræddu þá við fjölmarga aðila úr kerfinu. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að höfundarnir voru hér hafa mikilvæg skref verið stigin til að efla rannsókna- og þróunarstarf hér á landi. Í lokagerð skýrslunnar er að finna umfjöllun ráðgjafanna um þessar aðgerðir. [Skýrsla um vísinda- og nýsköpunarkerfið á Íslandi](#).

Ánægja með framhaldsfræðslukerfið

Niðurstöður [úttektar](#) á framhaldsfræðslukerfinu benda til ánægju með það og er sú niðurstaða í góðu samræmi við önnur gögn sem aflað var við vinnslu úttektarinnar, þ.e. að almennt hafi vel til tekist og að á flestum sviðum hafi tilætluðum árangri verið náð. Úttektin beindist að hlutverkum, verkaskiptingu og samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Fræðslusjóðs, fræðsluaðila, annarra hagsmunaaðila og ráðuneytis. Meginmarkmið úttektarinnar var að leggja mat á þróun framhaldsfræðslukerfisins, skilvirkni þess og nýtingu fjár, athuga hvaða árangri það hefur skilað sl. fimm ár og

hvernig samskiptum milli hagsmunaaðila og ákvarðanatöku er háttáð. Sérstök áhersla var lögð á að leggja mat á áhrif og skilvirkni kerfisins.

Að mati úttektaaðila hefur framhaldsfræðslukerfið, eins og það er afmarkað í lögum, náð þeim markmiðum sem sett eru í markmiðskafla laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Þeir fjármunir sem ríkið ver til málaflokksins eru nýttir á skilvirkan hátt og renna með skýrum hætti til þeirra verkefna sem að er stefnt. Samskipti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Fræðslusjóðs og fræðsluaðila eru á faglega sviðinu til fyrirmyndar þó svo að til staðar sé togstreita um einstaka þætti sem leiðir af ólíkum hlutverkum aðila.



Viðurkenning safna

Að tillögu safnaráðs voru 39 menningarminja-, náttúru- og listasöfn viðurkennd samkvæmt ákvæðum safnalaga sem tóku gildi 1. janúar 2013 og voru þetta tímamót í íslenskum safnaheimi. Markmiðið með viðurkenningu safna er að taka af öll tvímæli um stöðu viðkomandi safna, skyldur þeirra og samfélagslega ábyrgð. Viðurkenning ráðherra er opinber staðfesting á að skipulag og starfsemi þeirra fullnægi faglegum gæðakröfum, en safnaráð leggur faglegt mat á umsóknir um viðurkenningu safna og gerir tillögu til ráðherra þar að lútandi.

Meðal skilyrða fyrir viðurkenningu er að eigandi safnsins tryggi safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi, að safnið starfi eftir stofnskrá, skrái safnkost sinn í gagnagrunn sem uppfyllir skilmála safnaráðs og standist öryggiskröfur ráðsins. Sömu leiðis eru gerðar kröfur um menntun eða hæfni forstöðumanns, að safnið sinni faglegu starfi og taki á mótí skólanemum án endurgjalds. Loks skal viðurkennt safn einnig fylgja siðareglum ICOM – alþjóðaráðs safna. [Söfn sem hlutu viðurkenningu.](#)

Nýir forstöðumenn, skólameistarar og rektorar

Dr. Eyjólfur Guðmundsson var skipaður í embætti rektors Háskólans á Akureyri. Hann starfaði sem sviðsstjóri greiningar og sem aðalhogfræðingur CCP hf. og þar áður starfaði hann í tæpan áratug við Háskólann á Akureyri, undir lokin sem deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar.

Magnús Þorkelsson var skipaður í embætti skólameistara Flensborgarskóla í Hafnarfirði til fimm ára frá 1. ágúst 2014 að telja. Hann starfaði áður sem aðstoðarskólameistari við skólann.

Dr. Arnór Guðmundsson var skipaður forstöðumaður Námsmatsstofnunar til fimm ára. Hann hefur doktorspróf í félagsfræði og starfaði í mennta- og menningarmálaráðuneyti frá árinu 1994, síðast sem skrifstofustjóri mennta- skrifstofu ráðuneytisins. Með samruna Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar verður til ný stofnun, Menntastofnun, á árinu 2015 og verður Arnór forstöðumaður hennar.

Erlendur Sveinsson var skipaður í embætti forstöðumanns Kvikmyndasafns Íslands til fimm ára en hann var settur forstöðumaður safnsins árið 2012. Erlendur er kvikmyndagerðarmaður og hefur komið að starfsemi Kvikmyndasafns Íslands um áratugaskeið sem stjórnarmaður, ráðgjafi og starfsmaður auk þess sem hann gegndi starfi forstöðumanns safnsins frá 1980 til 1986.

Ari Matthíasson var skipaður í embætti þjóðleikhússtjóra frá og með 1. janúar 2015. Hann hefur að baki leikaramenntun frá Leiklistarskóla Íslands og háskólamenntun á meistarastigi í rekstrarhagfræði (MBA) og hagfræði. Hann starfaði sem leikari og leikstjóri frá árinu 1991, við stefnumótun, markaðsmál og framkvæmdastjórn, og sem framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins frá árinu 2010.

Ágústa Elín Ingbórsdóttir var skipuð í embætti skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands til fimm ára frá 1. janúar 2015. Hún hefur starfað sem sviðsstjóri og gæðastjóri í Borgarholtsskóla síðustu ár.



Ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins

Mennta- og menningarmálaráðuneyti lét kanna að hvaða leyti og með hvaða hætti grunnskólar hefðu innleitt ákvæði reglugerðar nr. 1040/2011, um ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins, tveimur og hálfu ári eftir gildistöku hennar. Niðurstöður birtust í [skýrslu frá Capacent](#) á vef ráðuneytisins.

Í könnuninni kom fram að 74% grunnskóla telja að þeim hafi tekist mjög vel eða frekar vel að innleiða reglugerðina og mikill meirihluti, eða 91%, telur ekki þörf fyrir að endurskoða einstök atriði hennar. [Nánar um könnunina og niðurstöður hennar.](#)

Brugðist var við niðurstöðum úttektarinnar með því meðal annars að senda erindi til þeirra skóla, sem ekki hafa lokið vinnu við skilgreiningu á skólabrag og sem aldrei hafa kannað umfang eineltis í skólanum, þar sem óskað var upplýsinga um stöðu mála.

Nokkrar niðurstöður:

- Um 88% segja mat á skólabrag vera hluta af innra mati skólans og 84% grunnskóla hafa innleitt agastjórnunarkerfi til þess að byggja upp og viðhalda góðum skólabrag.
- 91% hefur sett sér aðgerðaáætlun gegn einelti og 90% birta aðgerðaáætlunina á vef skólans.
- 90% segja einelti hafa verið kannað í skólanum á síðastliðnum tveimur árum en einungis 45,5% skóla hafa birt niðurstöðurnar á vef skólans.
- 7% skólastjóra segja einelti í skólanum aldrei hafa verið kannað.
- 126 skólastjórar (af 163) segja skólareglurnar hafa verið samdar á síðastliðnum sex árum en dæmi eru um að skólar gefi upp árið 2001, 2002, 2003 og 2004. Nokkra athygli vekur að nokkrir skólastjórar segjast ekki vita hvenær skólareglurnar voru settar.
- 72 skólastjórar, eða 45%, segjast hafa þurft að nota líkamlegt inngrip í skólanum skólaárið 2012-2013, oftast vegna hættulegrar hegðunar nemenda.

Úttekt á stærð- fræðikennslu í níu framhaldsskólum

Birtar voru niðurstöður [úttektar](#) á stærðfræðikennslu í níu framhaldsskólum sem hópur kennara við Háskóla Íslands gerði að ósk ráðuneytisins. Hópnun var falið að skrifa skýrslu um fyrirkomulag, framkvæmd og árangur af stærðfræðikennslu í framhaldsskólum, sem að gagni mætti koma til að efla kennsluna og bæta. Að mati ráðuneytisins gefa niðurstöður skýrslunnar tilefni til umbóta í stærðfræðimenntun og verið er að skipuleggja aðgerðir með hliðsjón af tillögum úttektaraðila.

Í skýrslunni kemur fram að margt er vel gert í stærðfræðikennslu í framhaldsskólum. Þegar á heildina er lítið uppfylla þeir þó ekki þær kröfur sem settar eru fram í áfangalýsingum aðalnámskrár frá 1999 og hæfniprepum í aðalnámskrá frá 2011.

Í mörgum tilvikum virðist áherslan vera á að nemendur læri tilteknar aðferðir við að leysa ákveðnar gerðir verkefna en stór hluti þeirra markmiða sem sett eru fram í aðalnámskrá gleymist. Úttektaraðilar telja að nýta þurfi tímann í kennslustundum betur, of mikið sé um að nemendur mæti seint og hugur þeirra sé ekki við námið. Sumir framhaldsskólar útskrifa nemendur af náttúrufræðibraut með prófgráður fyrir tiltekið háskólanám sem nemendur ráða í reynd illa við sökum lélegs undirbúnings. Sumir framhaldsskólar hafa ekki nægilega vel menntaða kennara til að starfrækja náttúrufræðibrautir. Samráð um stærðfræðikennslu er lítið, annars vegar milli framhaldsskólanna innbyrðis og hins vegar milli grunnskólans og framhaldsskólans. Enn fremur er lítið samráð milli framhaldsskólastigsins og háskólastigsins.

Úttekt á sérfræðipjónustu

Árið 2013 var gerð könnun meðal sveitarstjóra á fyrirkomulagi og framkvæmd reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Í kjölfar könnunarinnar var gerð úttekt á sérfræðipjónustu sex sveitarfélaga með það að markmiði að kanna hvernig mismunandi útfærslur á sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla hafa reynst miðað við ákvæði reglugerðarinnar.

Að mati úttektaraðila hefur sveitarfélögum tekist misvel að tryggja aðgengi að sérfræðipjónustu. Helstu áhrifavaldar virðast vera landfræðileg lega, stærð sveitarfélaga og framboð á fagfólki. Hlutverk, ábyrgð, skyldur og verkaskipting sveitarfélagsins annars vegar og skóla hins vegar um sérfræðipjónustu sveitarfélagsins eru víða óljós og þekkingu á reglugerð um þessi efni víða ábótavant í skólasamfélaginu. Þá telja úttektaraðilar að það skorti samráð milli ríkis og sveitarfélaga um hlutverk, ábyrgð og tilfærslu á sérfræðipjónustu auk þess sem almenn fræðsla, ráðgjöf og upplýsingagjöf til foreldra mætti vera meiri. Að auki er talið að sveitarfélög mættu hafa meira frumkvæði að stuðningi við starfsfólk og skólana, sem faglegar stofnanir, og auka eftirfylgni og mat á árangri. Almennt kom fram meðal viðmælenda í úttektinni að erfitt væri að framfylgja stefnu um skóla án aðgreiningar miðað við fyrirbyggjandi samkomulag. Skortur væri á fjármagni, meiri og fjölbreyttari sérfræðipekkingu og frekari stuðningi á faglegum sviðum. Að mati úttektaraðila er mest um veikleikamerki þegar skólarnir sjálfir veita þjónustuna.

Úttektaraðilar gerðu margar tillögur til úrbóta og beinast þær bæði að sveitarfélögum og ráðuneyti en einnig eru settar fram tillögur til úrbóta um hvert fyrirkomulag fyrir sig, þ.e. sérfræðipjónustu sem sjálfstæða einingu, sérfræðipjónustu í byggðasamlagi og sérfræðipjónustu veitta af skólunum sjálfum. [Sjá nánar í skýrslunni.](#)

ÝMIS VERKEFNI



Handbækur um velferð og öryggi barna

Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er ætluð sveitarstjórnnum, rekstraraðilum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum sem starfa í leikskólum, til stuðnings við gerð öryggishandbókar, öryggisáætlana og viðbragðsáætlana fyrir leikskóla. Hún er fyrst og fremst ætluð sem uppflettirit til að auðvelda notendum að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um leikskólann og umhverfi hans. Uppsetningu handbókarinnar er ætlað að auðvelda notendum að finna upplýsingar um hina mismunandi þætti sem taka á velferð og öryggi leikskólabarna. Markmiðið með handbókinni er að setja fram á aðgengilegan hátt upplýsingar um þá þætti sem huga þarf að í daglegum rekstri og starfi leikskóla. [Öryggishandbók leikskóla.](#)

Í Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum eru leiðbeiningar fyrir sveitarfélög, rekstraraðila grunnskóla, skólastjórnendur, kennara og aðra sem starfa í grunnskólum, um velferð og öryggi barna í grunnskólum. Hún fjallar um mikilvægi ýmiss konar forvarna með það fyrir augum að tryggja sem best öryggi og velferð barna og ungmenna ásamt því hvernig skuli bregðast við slysum og áföllum af ýmsu tagi, sem geta komið upp í daglegu starfi grunnskóla. Þá er fjallað um andlega og líkamlega velferð og öryggi barna, og í handbókinni eru tillögur að verkferlum til að takast á við ýmis mál sem upp geta komið. Hún er enn fremur hugsuð sem leiðarvísir um hvernig unnið skuli að forvörnum til að skapa sem öruggast grunnskólaumhverfi. [Öryggishandbók grunnskóla.](#)

Steinunn Sigurðardóttir hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2014

Steinunn Sigurðardóttir skáld og rithöfundur hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2014 og sérstaka viðurkenningu á degi íslenskrar tungu hlutu vefnám-skeiðið [Icelandic Online](#) og [Lestrarhátíð í bókmennta-borg](#). Viðurkenningarhafar fengu listaverk eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur.



„Stattu með þér“

Stuttmyndin [„Stattu með þér“](#) er ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla og gerð í framhaldi af myndinni [„Fáðu já“](#) sem framleidd var fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum. Myndirnar eiga það sameiginlegt að vera ætlað að vinna gegn kynferðisofbeldi og klámvæðingu með sjálfsvirðingu og jákvæðni að leiðarljósi.

„Stattu með þér“ er fyrsta fræðslu-efni sinnar tegundar fyrir þennan aldurshóp og standa vonir til að kennarar og foreldrar nýti það til að efla 10-12 ára börn í að standa með sér gegn staðalímyndum og útlitsdýrkun og rækta sjálfsvirðingu í mannlegum samskiptum.

Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum, sem er samstarfsverkefni innanríkisráðuneytis, velferðarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis, stóðu að gerð myndarinnar.

Nýskipan í starfsemi Listasafns Einarssonar

Í ársbyrjun var undirritaður samstarfssamningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, Listasafns Einarssonar og Listasafns Íslands. Samkvæmt honum er Listasafni Íslands falið að annast ýmis verkefni á sviði stjórnsýslu Listasafns Einarssonar. Samningurinn gildir til ársloka 2017 og með honum er einnig lagður grundvöllur að auknu samstarfi safnanna og samráði um rekstur þeirra.

Ráðuneytið, sem fer m.a. með málefni listasafna í eigu ríkisins, hefur um nokkra hríð unnið að aukinni samvinnu þeirra í framtíðinni og leitað leiða til að gera starfsemina skilvirkari og stjórnsýslu þeirra hagkvæmari um leið.

Vonast er til að samstarf listasafnanna verði til hagræðingar og hagsbóta fyrir rekstur þeirra beggja og geri þau betur í stakk búin til að takast á við verkefni komandi ára.



Dagur íslenska táknmálsins 11. febrúar 2014

Degi íslenska táknmálsins var fagnað í annað sinn 11. febrúar 2014. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hvatti skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að nota þann dag eða dagana þar um kring til að kynna íslenskt táknmál sérstaklega. Ráðuneytið fól málnefnd um íslenskt táknmál að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenska táknmálsins. Efnt var til ýmissa viðburða til að vekja athygli á málefniinu.



Viðmið um birtingu myndefnis og meðferð upplýsinga um börn á netinu

Í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti tóku SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og samtökin Heimili og skóli saman almenn [viðmið um birtingu myndefnis](#), meðferð upplýsinga um börn á netinu og notkun samfélagsmiðla. Viðmiðin gilda einkum um heimasíður skóla, íþróttafélaga og annarra sem koma að æskulýðs- og tómstundastarfi.

- Hvatt er til varúðar og nærgætni við allar myndbirtingar af börnum á vegum skóla eða annarra aðila í æskulýðs- og tómstundastarfi.
- Þá eru skólar og aðrir sem sinna æskulýðs- og tómstundastarfi hvattir til að sýna varkárni þegar persónuupplýsingar eru annars vegar og fara ávallt eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Lögð er áhersla á að samfélagsmiðlar séu notaðir til að stuðla að jákvæðum og vönduðum samskiptum og að persónuleg málefni séu ekki þar til umfjöllunar.

Viðurkenning veitt á degi gegn einelti

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra veitti Magnúsi Stefánssyni og Páli Óskari Hjálmtýssyni viðurkenningu vegna jákvæðra skilaboða gegn einelti til samfélagsins. Viðurkenningin var veitt við hátíðlega athöfn í Laugarnesskóla þegar haldið var upp á dag gegn einelti 8. nóvember með skemmtilegri og fræðandi dagskrá.

Fyrir rúmu ári tóku þeir Páll Óskar og Magnús höndum saman og framleiddu heimildarmynd um æsku Páls Óskars þar sem fjallað er um einelti sem hann varð fyrir í grunnskóla. Í framhaldinu gerðu þeir fræðsluverkefnið **Polandi og gerandi**, þar sem þeir ræða við grunnskólabörn og miðla reynslu sinni sem polandi og gerandi eineltis. Markmið verkefnisins er að auka skilning á orsökum og afleiðingum eineltis, draga úr einelti og vera verkfæri fyrir kennara og foreldra til að fyrirbyggja einelti.



Ungt fólk – Framhaldsskólanemar 2013

Gefin var út skýrslan [Ungt fólk – Framhaldsskólanemar 2013](#). Hún var unnin í samvinnu við Rannsóknir og greiningu samkvæmt samningi ráðuneytisins um framkvæmd rannsókna Ungt fólk, sem það hefur stuðlað að allt frá árinu 1992. Þær eru nú unnar meðal nemenda í 5- 7. bekk, í 8- 10. bekk og meðal nemenda í öllum framhaldsskólum landsins. Í skýrslunni eru upplýsingar um menntun, menningu, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísa, líðan og framtíðarsýn íslenskra ungmenna í framhaldsskólum landsins. Veittar eru upplýsingar um núverandi stöðu þessara málaflokka og um þróun þeirra undanfarin ár. Í skýrslunni eru 118 lýsandi myndir og 175 töflur með upplýsingum um nemendur á landinu öllu. Þá hafa verið unnar sérskýrslur fyrir hvern og einn framhaldsskóla upp úr sömu gögnum til notkunar í vinnu í nærumhverfi hvers og eins þeirra.

Fleiri hefja leikskólakennaranám en áður

Efnt var til sérstaks kynningarátaks um störf leikskólakennara til að freista þess að fjölga kennaranemum og jafna kynjahlutföll í stéttinni. Átakið fór fram með auglýsingum, sérstaklega á netinu, kynningum, gerð myndabanda og fræðsluefnis, sem er á vefnum [framtidarstarfid.is](#). Það virðist hafa skilað árangri og náð til mikils fjölda ungs fólks því um fjörutíu prósent fleiri sóttu um leikskólakennaranám við Háskóla Íslands árið 2014 en árið 2013 og aukningin var um 60% í Háskólanum á Akureyri, en þar er fyrsta árið sameiginlegt með þeim sem velja kennaranám til að vinna í grunnskólum.

Kynningarátakið var að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins og var unnið í samvinnu við stéttarfélagið Eflingu, Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Samband íslenskra sveitarfélaga, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

„Leikskólabörn eru fróðleiksfús og sífellt að kanna og prófa heiminn í kringum sig. Þau kanna heiminn í rauninni með tilraunum eins og vísindamenn. Og gleðin sem fylgir því að fylgjast með barni sem áttar sig á einhverju nýju og skemmtilegu eða uppgötvar einhverja áður óþekkta hæfni er sennilega með því magnaðasta sem hægt er að upplifa í starfi.“ Þetta segir Egill Óskarsson leikskólakennari á heimasíðu verkefnisins [Framtíðarstarfið](#).



Nýbygging Framhaldsskólans í Mosfellsbæ tekin í notkun

Nýbygging Framhaldsskólans í Mosfellsbæ var formlega tekin í notkun föstudaginn 14. janúar 2014 að viðstöddum Illuga Gunnarsyni mennta- og menningarmálaráðherra.

Nýja skólahúsið er um 4.000m² og tekur um 400 til 500 nemendur. Húsið er hannað af arkitektastofunni a2f arkitektar, Bryndís Bolladóttir gerði vegglistaverk, sem jafnframt gegna hlutverki við hljóðvist í húsinu, en verkfræðifyrirtækið Efla sá um hljóðhönnun. Birkir Einarsson hannaði landslag kringum skólahúsið og lýsinguna hannaði Drekaflugla slf.

Við hönnun hússins var lögð áhersla á sveigjanleika og möguleika til nýbreytni og gert ráð fyrir möguleikum til verulegrar stækkunar í framtíðinni. Það var tekið mið af þeirri hugmyndafræði að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og öðlist þannig sjálfstæði og frumkvæði. Hönnunin tók mið af þessum kennsluháttum með skilgreiningu á svokölluðum klasa-rýmum sem samanstanda af lokuðum rýmum fyrir 20-30 nemendur, lokuðum rýmum fyrir minni hópa og opnum rýmum bæði fyrir minni og stærri hópa.

Tilnefning víkingaminja á heimsminjaskrá UNESCO

Fimm ríki, Danmörk, Ísland, Lettland, Noregur og Þýskaland, tilnefndu í sameiningu margvíslegar minjar frá tímabili víkinga til heimsminjaskrár UNESCO. Framkvæmdastjóri heimsminjaskrár UNESCO, Kishore Rao, tók við tilnefningarskjölunum við athöfn í höfuðstöðvum UNESCO í París.

Undirbúningur að tilnefningunni hefur staðið í tæp sex ár undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytisins í samstarfi við yfirvöld í hinum ríkjunum.

Sjö staðir eru tilnefndir og þeir eiga það sameiginlegt að þar eru nokkrar mikilvægustu minjarnar um víkinga í fræðilegu tilliti og sem talið er að hafi mikla þýðingu á heimsvísu auk þess að skipta máli í sögu þjóðanna á 8. til 11. öld. Staðirnir eru:

- Þingvellir á Íslandi,
- Jelling og Trelleborg í Danmörku,
- Grafreitir og búsetuminjar í Grobina í Lettlandi,
- Skipshaugar í Vestfold og kvarnarsteinsnámur í Hyllestad í Noregi,
- Heiðarbær og Danavirki í Slésvík-Holtsetalandi í Þýskalandi.



Raðtilnefningar víkingaminja

Ísland hefur verið í forystu fyrir alþjóðlegri raðtilnefningu á minjum frá víkingatímanum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 10. ágúst 2007. Tilnefndir á heimsminjaskrá UNESCO eru staðir sem tengjast menningu víkinga, í samstarfi við Danmörku, Lettland, Noreg og Slésvík-Holtsetaland. Í þessari raðtilnefningu eru staðir sem þegar eru fyrir á skránni, s.s. Þingvellir og grafhaugarnir og kirkjan í Jelling í Danmörku, auk nýrra staða sem þjóðirnar leggja til, alls sjö staðir.

Aukið löglegt framboð tónlistar á netinu hefur dregið úr ólögmati dreifingu


Í skýrslu rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymiþjónustu kemur fram að hann telur að smæð hins íslenska markaðar sé ein helsta hindrunin fyrir því að erlendar og innlendar efnisveitur bjóði upp á þjónustu sína hér á landi með formlegum hætti. Gera má ráð fyrir að þær sjái sér einfaldlega ekki hag í því að leggja út í þann kostnað sem myndi fylgja aðlögun þjónustunnar fyrir íslenskan markað.

Einnig kemur fram að erlendar efnisveitur, sem hafa ekki veitt formlega aðgang að sínu efni á íslensku landsvæði, greiða enga skatta hér á landi og lúta ekki íslensku lagaumhverfi. Slíkar efnisveitur þurfa t.d. ekki að texta eða talsetja efni sitt eins og innlendar sjónvarpsstöðvar þurfa að gera. Af því leiðir að erfitt er fyrir íslenska aðila að veita þeim samkeppni á jafnræðisgrundvelli. Þeir sem hefðu hug á að koma upp lögmætri efnisveitu hér á landi þyrftu að kaupa sýningarrétt fyrir Ísland sérstaklega og yrði efnisvalmynd slíkrar þjónustu sértæk fyrir íslenskan markað og aðeins ætluð honum. Ætla má að uppsetning þjónustunnar yrði mjög kostnaðarsöm miðað við smæð markaðarins hér á landi.

Gott aðgengi að stafrænu menningarefni og hvers konar afþreyingu er afar mikilvægt fyrir öflugt menningarlíf í íslensku samfélagi, að mati rýnihópsins. Greiðara aðgengi að löglegu stafrænu efni spornar gegn ólögmati notkun.


Áberandi er að aukið löglegt framboð tónlistar á netinu hefur dregið úr notkun ólöglegra leiða. Það var meðal annars niðurstaða úr Capacent-könnun um áhorf á kvikmyndir og sjónvarpsefni og hlustun á tónlist hér á landi, þar sem niðurstöður eru einnig bornar saman við niðurstöður úr könnun sem fyrirtækið gerði árið 2011.

[Niðurstöður skýrslunnar](#) eru athyglisverðar, að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og gefa tilefni til að athuga sérstaklega hvernig koma meiri af íslensku efni á streymisveitur, auka framboð á íslensku efni á vefnum og sporna gegn ólöglegri dreifingu efnis. [Sjá nánar.](#)



STARFSEMI RÁÐUNEYTISINS, STARFSMANNAMÁL OG FLEIRA

Helstu niðurstöður úr rekstri aðalskrifstofu mennta- og menningarmálaráðuneytisins




Helstu niðurstöður úr rekstri aðalskrifstofu

	2004	2009	2014*
Laun	586.123	599.956	632.428
Húsnæði	71.018	61.025	63.886
Aðkeypt þjónusta	58.285	39.656	48.880
Ferða- og fundakostn.	56.479	34.865	38.071
Rekstrarkostnaður	46.950	25.750	18.346
Tilfærslur	826	231	52.749
Kostnaður samtals	819.681	761.483	854.360
Sértekjur	17.163	9.494	19.490
Framlag ríkissjóðs	792.591	761.938	833.903
Tekjur samtals	809.754	771.432	853.393
Mismunur	-9.927	9.949	-967


Verðlag 2014, þús. kr.

*] Árið 2012 hækkaði framlag ríkissjóðs til aðalskrifstofu MRN um 154,3 m.kr. vegna verkefna sem áður heyrðu undir safnlíði og voru greidd þaðan.

Skipting rekstrarkostnaðar árið 2014



Þróun helstu kostnaðarliða fyrir utan laun




*) Árið 2012 hækkaði framlag ríkissjóðs til aðalskrifstofu MRN um 154,3 m.kr. vegna verkefna sem áður heyrðu undir safnliði og voru greidd þaðan. Þetta kemur helst fram í liðunum tilfærslur og laun árið 2014.

Fjöldi starfsfólks, meðalaldur, meðalstarfsaldur og hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks

	2004	2009	2014
Fjöldi starfsmanna	73	76	67
Karlar	32%	33%	31%
Konur	68%	67%	69%
Meðalaldur	48 ár	50 ár	54 ár
Meðalstarfsaldur	10 ár	10 ár	13 ár
Hlutfall háskólamenntaðra	70%	74%	79%


FJÖLDI NEFNDA

Fjöldi starfandi nefnda í árslok 2004, 2009 og 2014




SKJALASAFN MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTISINS Í TÖLUM


Skjalasafnið í tölum í árslok 2004, 2009 og 2014



Kvartanir og kærur árin 2009 og 2014




Umsóknir um leyfisbréf árin 2004, 2009*) og 2014




*) Árið 2009 voru útbúin 2.345 leyfisbréf leiksskólakennara og færð rafrænt í Málaskrá

FERÐAKOSTNAÐUR STARFSMANNA MRN GJALDFÆRÐUR Á AÐALSKRIFSTOFU OG AÐRA FJÁRLAGALIÐI 2014


Skipting heildar ferðakostnaðar 30,8 m. kr. árið 2014




Móttekin erindi með tölvupósti árin 2004, 2009 og 2014



Fjöldi mála í vinnslu í árslok



Borgir sem ferðast er til og hversu oft árið 2014



Útgefin rit mennta- og menningarmálaráðuneytis 2014

[Rafræn rit](#)

Aðgerðaáætlun um menningu barna og ungmenna 2014-2017, byggð á menningarstefnu 2013 (drög)

Brotthvarf úr framhaldsskólum, haust 2013

Brotthvarf úr framhaldsskólum, vor 2014

ERAC Peer Review of the Icelandic Research and Innovation System: Independent Expert Group Report prepared for the Icelandic Ministry of Education, Science and Culture and the European Research Area and Innovation Committee, final report

Fjármálafræðsla í grunn- og framhaldsskólum. Stýrihópur um fjármálalæsi skipaður af menntamálaráðherra, 9. júní 2011

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði. Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2014 á sviði menningarmála, menntamála, rannsókna og æskulýðsmála

Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum

Heimabyggðin mín. Úttekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Hvítbók um umbætur í menntun

Kynning á starfsmenntun – KÁS

Könnun á framkvæmd reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skóla-samfélagsins í grunnskólum, unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í nóvember og desember 2013

Könnun á starfsemi frístundaheimila haustið 2013

Menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Ný útgáfa 2014

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ársrit 2013

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009-2013

Menntaskólinn við Sund. Úttekt á starfsemi unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Reference report of the Icelandic Qualifications Framework ISQF to the European Qualifications Framework for Life Long Learning EQF

Samantekt úr Education at a Glance 2014, skýrslu OECD um menntatölfræði

Sektorprogram: Undervisning og forskning, kultur, börn og unge, Islandsformandskab i Nordisk ministerråd 2014

Skýrsla Málnefndar um íslenskt táknmál um stöðu þess, 7. júní 2014

Skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra til Alþingis um framkvæmd skólastarfs í grunnskólum skólaárin 2007-2008, 2008-2009 og 2009-2010

Skýrsla samráðsnefndar um framtíð íslenskrar bókaútgáfu

Stefnumótun í æskulýðsmálum. Æskulýðsráð

Streymiþjónusta á Íslandi fyrir kvikmyndir, sjónvarpsefni og tónlist. Skýrsla rýni- hóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymiþjónustu ásamt tillögum

The Icelandic national curriculum guide for compulsory schools – with Subjects Areas [Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2011. Greinasvið 2013]

Umbótaáætlun Höfðaskóla 2014-2015

Umbótaáætlun leikskólans Álfaborgar 2014-2015

Umbótaáætlun Myllubakkaskóla í kjölfar ytra mats

Umbótaáætlun vegna úttektar á Grunnskóla Reyðarfjarðar

Umbótaáætlun vegna úttektar á starfsemi leikskólans Lautar í Grindavík

Umbótaáætlun vegna úttektar leikskólans Reynisholts fyrir árið 2012

Umbótaáætlun vegna ytra mats leikskólans Tröllaborga, Akureyri

Umbótaáætlun, ytra mat Lækjarskóla 2014

Undanþágunefnd framhaldsskóla. Skýrsla um starf nefndarinnar skólaárin 2008-2014

Ungt fólk 2013. Framhaldsskólar: menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísar, líðan og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Samanburður rannsókna 1992, 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013, staða og þróun meðal 16 til 20 ára framhaldsskólanema yfir tíma

Úttekt á félagslífi framhaldsskólanema

Úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, desember 2013

Úttekt á Kvikmyndaskóla Íslands, október 2014

Úttekt á starfsemi: Kvennaskólinn í Reykjavík. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, 20. febrúar 2014

Úttekt á starfsemi leikskólans Lautar í Grindavík. Unnið á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, 10. júní 2013

Úttekt á starfsemi leikskólans Sólvalla í Grundarfirði. Unnið á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, 10. júní 2013

Úttekt á starfsemi Verzlunarskóla Íslands. Unnin fyrir mennta-

og menningarmálaráðuneytið, 20. júní 2014

Úttekt á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum

Viðbragðsáætlun vegna ytra mats 2013-2014, Stóru-Vogaskóli

Vikingage sites in northern Europe; a transnational serial nomination to UNESCO'S world heritage list

Yfirlitsskýrsla OECD um starfsmenntun á Íslandi:

Leikni að loknum skóla – Skills beyond school

Ytra mat á leikskólanum Reynisholti

Ytra mat grunnskóla: Blönduskóli

Ytra mat grunnskóla: Grunnskóli Reyðarfjarðar

Ytra mat grunnskóla: Grunnskólinn á Eskifirði

Ytra mat grunnskóla: Höfðaskóli

Ytra mat grunnskóla: Kirkjubæjarskóli

Ytra mat grunnskóla: Lækjarskóli

Ytra mat grunnskóla: Myllubakkaskóli

Ytra mat grunnskóla: Stóru-Vogaskóli

Ytra mat grunnskóla: Vallaskóli

Ytra mat grunnskóla: Þjórsárskóli

Ytra mat leikskóla: Álfaborg

Ytra mat leikskóla: Leikskóli Seltjarnarness

Ytra mat leikskóla: Sólborg, Ísafirði

Ytra mat leikskóla: Tröllaborgir, Akureyri

Ytra mat leikskóla: Örk, Hvolsvelli

[Prentuð rit](#) (eru einnig birt rafrænt)

Hvítbók um umbætur í menntun

Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Ársrit 2013

Ungt fólk 2013: Framhaldsskólar: menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísar, líðan og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Samanburður rannsókna 1992, 2000, 2004, 2007, 2010 og 2013, staða og þróun meðal 16 til 20 ára framhaldsskólanema yfir tíma

Vikingage sites in northern Europe; a transnational serial nomination to UNESCO'S world heritage list